

Fréttabréf Síðuskóla

5. bréf - mars - skólaárið 2019-2020

Kæru foreldrar og nemendur!


Nú er marsmánuður runninn upp og alveg að verða bjart á morgnana þegar við mætum í skólann. Við búumst við að allir mæti úthvildir úr vetrarfríinu og til í þau fjölbreyttu verkefni sem starfið býður upp á þessa síðustu mánuði skólaársins. Margt spennandi er framundan og má þar nefna Skólahreysti sem haldið er í Íþróttahöllinni nk. miðvikudag, 4. mars. Einnig eru úrslit Stóru upplestrarkeppninnar þann sama dag í Kvosinni í Menntaskólanum. Þar munu okkar fulltrúar, þau Rebekka Nótt Jóhannsdóttir, Stefán Andri Björnsson og Ísabella Sól Hauksdóttir keppa fyrir hönd skólans. Við munum einnig bregða okkur í Hlíðarfjall á útivistardaginn, en okkur hefur verið úthlutað föstudeginum 13. mars. Sá dagur er einn af þeim 10 skóladögum ekki eru fullir skóladagar. Nemendur koma í skólann kl. 8:00 en fara heim að fjallaferð lokinni. Frístund er opin og er matur fyrir nemendur í mötuneytinu sem þar eru skráðir. Nánara skipulag dagsins kemur í pósti síðar. Við viljum þakka þeim foreldrum sem komu í stjórnendakaffi til okkar á síðastliðnum vikum. Það sköpuðust góðar umræður um starfið og skólann okkar, eitthvað sem okkur í skólanum finnst nauðsynlegt að gera reglulega. Annars höldum við ótrauð áfram núna, vorið skammt undan og því ekki ástæða til annars en að horfa bjartsýn fram á veginn.



Bestu kveðjur úr skólanum,
stjórnendur

Útivistardagur 13. mars

Útivistardagur Síðuskóla verður þann 13. mars. Þá verður farið í Hlíðarfjall með nemendur skólans. Mæting í skólann er kl. 8:00 og skóladegi lýkur eftir heimkomu úr fjallinu. Þeir sem skráðir eru í mat fara í mat og svo heim eða í Frístund. Við vonum svo sannarlega að veðurguðirnir verði okkur hliðhollir þennan dag. Nánari upplýsingar koma í byrjun næstu viku.





Úrslit í 100 miða leiknum

Á þriðjudagsmorgun voru tilkynnt úrslit í 100 miða leik skólans en leikurinn er hluti af SMT skólafærni. Alls voru 10 nemendur dregnir út og fóru þeir með Malla og Helgu, deildarstjórum skólans, í heimsókn í Háskólann á Akureyri. Þar voru gerðar tilraunir auk þess sem nemendur fengu áhugaverðan fróðleik um Mars. Að því loknu var farið í Bakaríð við brúnna þar sem allir völdu sér góðgæti. [Hér má sjá myndir frá úrslitunum sem og ferðinni.](#)

Stóra upplestrarkeppnin

Úrslit Stóru upplestrarkeppninnar verða í Kvos Menntaskólans á Akureyri miðvikudaginn 4. mars kl. 16:30. Þar munu fulltrúar Síðuskóla keppa en tveir aðalfulltrúar voru valdir í undankeppni skólans auk eins varafulltrúa. Fulltrúar Síðuskóla í ár eru Rebekka Nótt Jóhannsdóttir, Stefán Andri Björnsson og Ísabella Sól Hauksdóttir til vara. [Hér má sjá myndir frá undankeppninni í Síðuskóla.](#)



Á döfinni

3. mar

- Hinsegin fræðsla í 7. bekk
- Framhaldsskólinn á Laugum, kynning í 10. bekk

4. mars

- Skólahreysti í Íþróttahöllinni. Nemendur í 6. - 10. bekk mega fara að horfa.
- Stóra upplestrarkeppnin, úrslit í Kvos Menntaskólans

5. mars

- Vímuefnafræðsla í 8. bekk

10. mars

- Samræmt könnunarpróf í 9. bekk, íslenska

11. mars

- Samræmt könnunarpróf í 9. bekk, stærðfræði

12. mars



- Samræmt könnunarpróf í 9. bekk, enska

13.mars

- Útivistardagur

16. - 20. mars.

- 7. bekkur á Reykjum

19. mars

- Fundur í skólaráði

26. mars

- Fræðsla um sjálfsmynd/vímuefni í 9. bekk

 Matseðill Síðuskóla Mars 2020 				
Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
2. Hakk, spaghetí, grænmeti	3. Fiskinaggar, hrísgrjón, súrsæt sósa, ávextir	4. Lambakjöt, kartöflur, bernessósa, grænmeti	5. Ofnbakaður fiskur, kartöflur, sósa, salatbar	6. Aspassúpa, súpubrauð
9. Soðin ýsa, kartöflur, rúgbrauð, ávextir	10. Sveitabjúgu, kartöflustappa, grænmeti	11. Fiskur í raspi, kartöflur, lauksmjör, ávextir	12. Kjúklingur, franskur, kokteilsósa	13. Samlokur með skinku og osti, sósa
16. Fiskiklattar, hrísgrjón, sósa, ávextir	17. Hamborgarar, sósa, grænmeti	18. Ofnbakaður fiskur, hrísgrjón, sósa, salatbar	19. Lambapottréttur, kartöflustappa, grænmeti	20. Kjúklingapasta, grænmeti
23. Plokkfiskur, kartöflur, rúgbrauð, ávextir	24. Soðið slátur, kartöflur, jafningur, ávextir	25. Soðin ýsa, kartöflur, rúgbrauð, ávextir	26. Kjúklingabuff, hrísgrjón, sósa, salatbar	27. Mjólkurgrautur, slátur
30. Krebinettur, kartöflur, smjör, grænmeti	31. Sílungur, kryddkartöflur, sósa, ávextir			

Skólahreysti - miðvikudaginn 4. mars

Miðvikudaginn 4. mars fer Norðurlandsríðill Skólahreysti fram. Nemendur í 6.-10. bekk fá að fara í Höllina og hvetja okkar lið. Gengið verður úr skólanum kl. 12:20 en keppnin hefst kl. 13:30 og reiknað er með að henni ljúki upp úr 15. Nemendur koma sér þá sjálfir heim. Þeir sem ekki vilja fara með verða í skólanum og fá kennslu og ljúka degi samkvæmt stundaskrá.



Einkunnarorð í mars

Virðing

Regla mánaðarins er:

„Við virðum eigur annarra og göngum vel um“.

Viðbragðsáætlun vegna kórónaveirunnar

Þar sem búið er að staðfesta COVID-19 smit á Íslandi viljum við benda á viðbragðsáætlun Síðuskóla við heimsfaraldri en hana má finna á heimasíðu skólans undir hagnýtt efni. Hægt er að fylgjast með gangi mála á vef [Almannavarna](#) og [Landlæknis](#).

Viðbragðsáætlunina er að finna [hér](#).

Dregið úr hættu á COVID-19 kórónuveiru smiti



- Gæta vel að hreinlæti, þvo hendur reglulega með sápu og nota handspritt. Forðast snertingu við augu, nef og munn.



- Hósta og hnerra í krepptan olnboga eða í pappír þegar um kvefeinkenni er að ræða.



- Forðist náð samneyti við einstaklinga með hósta og almenn kvefeinkenni.



- Sýna aðgát í umgengni við algenga snertifleti á fjölförnum stöðum, s.s. handrið, lyftuhnappa, snertiskjái, greiðsluposa og hurðahúna.



- Heilsa frekar með brosi en handabandi eða faðmlagi.



- Eldið vel kjöt og egg. Forðist að koma nærri lifandi dýrum á markaðstorgum.



Embætti
landlæknis
Directorate of Health